

Murtex Acrylic

Hrein akrýlútímálning

Efnislýsing

Murtex Acrylic er vatnsþynnanleg, almött utanhússmálning fyrir steypa fleti. Hún er gerð úr 100% akrýl bindiefni og hönnuð til að halda mykt og sveigju, sem skilar betri endingu. Murtex Acrylic hefur góða öndun en lokar samt fyrir steinefnaútfellingar frá steypunni sem er algengt vandamál í dökkri útmálningu. Hún hefur líka háan litstöðugleika (mikilvægt í dökku litunum). Murtex Acrylic er til í svörtum litastofni, en það býður upp á einstaka þekju og endingu í dekkstu litunum.

Murtex Acrylic er ætluð til notkunar utanhúss á steinsteypu, múrstein o.fl. (ath. á múrklæðningar/einangrun utan frá skal nota síloxanmálningu, þ.e. Murtex Siloxane eða Alphasiloxan Flex). Við málun á þússaðri steypu er mikilvægt að flöturinn sé þéttur og vel bundinn og helst líðið ár frá ásetningu þússningar.

Meðhöndlun

Nýmálun

- Hreinsið flötinn vandlega og tryggð að hann sé vel bundinn og harðnaður.
- Á ómálaða steinsteypu skal bera vatnsfælu Nordsjö Waterproof og grunna síðan með Alpaha Aquafix Opaque múrgrunni. Einnig má nota Professional Microdispers.
- Málið tvær umferðir með Murtex Acrylic.

Endurmálun yfir akrýl veggmálningu

- Málaða fleti skal þvo með Nordsjö Málartvätt eða hreinsa með háþrýstidælu. Fjarlægð lausa málningu.
- Blettið málningarlausu fleti með Alpha Aquafix Opaque.
- Málið 1-2 umferðir af Murtex Acrylic.

Annað

Hrærið vel í málningunni fyrir notkun. Málið ekki ef sól skín beint á flötinn eða ef von er á regni eða daggarmyndun næstu klukkustundir eftir málun. Ef rignir á flötinn áður en hann þornar geta myndast taumar. Það hefur ekki áhrif á eiginleika eða gæði málningarinnar. Taumarnir hverfa oftast eftir kröftuga rigningu.

Heilsufars- og umhverfismál

Ekki láta málningarfötuna standa opna meðan á verki stendur. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Ekki hella málningarleifum og hreinsiefnum í niðurföll. Tónum umbúðum og hreinsiefnaleifum skal skila til endurvinnslustöðva. Sjá frekari upplýsingar í öryggisblaði.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Tegund: Akrýl

Gljástig: 3%

Þurrktími: 1 klst við 23°C/50% raka

Yfirmálun: 12 klst við 23°C/50% raka

Lofthiti/yfirborðshiti við málun: Lágmark +5°C, hámark +25°C

Rakastig: 40-75%

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur

Þekja: 4-6 m²/l við nýmálun, 6-8 m²/l við endurmálun

Umbúðir: 1, 2,5 og 10 lítrar

Stofnar: BW, BC og svartur sem hægt er að tóna í eftirfarandi líti:

NCS S 9000-N, NCS S 8500-N,

NCS S 8000-N, NCS S 7500-N

NCS S 8505-G80Y, NCS S 8502-B

NCS S 8502-Y, NCS S 7502-Y

NCS S 7005-B20G, RAL-7016

Hreinsun: Sápuvatn

Geymsla: Í frostfrú rými

Rokgjörn lífræn efni: VOC (fl. A/c) 40 g/l

Inniheldur mest 5 g/l

Þessi lýsing á við hvítan lit. Gildin geta verið önnur fyrir aðra líti.

Umhverfisvottanir: Murtex Acrylic uppfyllir staðla Svansins sem er umhverfismerki Norrænu ráðherranefndarinnar. Sjá nánari upplýsingar á www.nordic-ecolabel.org

Síðast uppfært í september 2024

